

# Summer Concerts 2014

SIGURJÓN ÓLAFSSON  
MUSEUM

*Sumartónleikar 2014*



LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR



# Sumartónleikar

## ÞRIÐJUDAGINN 1. JÚLÍ KL. 20:30

**Edda Erlendsdóttir** píanó.

Tónleikar í tilefni 300 ára fæðingar-  
afmælis Carl Philipp Emmanuel Bach.  
*Rondó* í e moll Wq. 66, *Sónata* í F dúr  
Wq. 55/5, *Sónata* í c moll Wq. 60 og  
*Fantasía* í C dúr Wq. 61/6. Einnig eftir  
aðdáanda hans, Joseph Haydn: *Sónata*  
nr. 47 í h moll Hob. XVII:32 og *Arietta*  
og *12 tilbrigði* í Es dúr Hob. XVII:3.



## ÞRIÐJUDAGINN 8. JÚLÍ KL. 20:30

**Ingrid Karlsdóttir** fiðla og **Bjarni Frimann Bjarnason** píanó.

*Disco* eftir Louis Andriessen, *Sónata fyrir fiðlu og píanó*, ópus 134 eftir  
Dmitri Shostakovich og *Peace Piece* eftir Bill Evans sem Hjörtur Ingvi  
Jóhannsson útsetti fyrir fiðlu og píanó.

## ÞRIÐJUDAGINN 15. JÚLÍ KL. 20:30

**Margrét Hrafnisdóttir** sópran og  
**Hrönn Þráinsdóttir** píanó.

*Liebe, Kreuz und Quer – Ástir,  
þvers og kruss.* Sambönd tón-  
skálda og ljóðahöfunda. Verk  
eftir Gustav Mahler, Alma  
Mahler, Franz Liszt og Ric-  
hard Wagner.



## ÞRIÐJUDAGINN 22. JÚLÍ KL. 20:30

**Lilja Guðmundsdóttir** sópran, **Sigurjón Bergþór Daðason** klarín-  
etta og **Carl Phillippe Gionet** píanó.

Rómantik þýsku meistaranna. Tónlist fyrir sópran, píanó og klarinett  
eftir Franz Schubert, Robert Schumann, Hugo Wolf og Louis Spohr.

## ÞRIÐJUDAGINN 29. JÚLÍ KL. 20:30

**Strokkvartettinn Siggi.** **Una Sveinbjarnardóttir** fiðla, **Helga Þóra  
Björgvinsdóttir** fiðla, **Þórunn Ósk Marinósdóttir** víóla og **Sigurður  
Bjarki Gunnarsson** selló.

*Strengjakvartett* nr. 1 ópus 50 eftir Sergei Prokofiev og *Strengjakvartett*  
nr. 8 ópus 110 eftir Dmitri Shostakovich.



# Summer Concerts

TUESDAY JULY 1ST AT 8:30 PM

**Edda Erlendsdóttir** piano.

Celebration of the 300th anniversary of the birth of Carl Philipp Emmanuel Bach. *Rondo* in e minor Wq. 66, *Sonata* in F major Wq. 55/5, *Sonata* in c minor Wq. 60 and *Fantasie* in C major Wq. 61/6. Also works by his admirer Joseph Haydn: *Sonata* no 47 in b minor Hob. XVII:32 and *Arietta* and 12 Variations in E flat major Hob. XVII:3.

TUESDAY JULY 8TH AT 8:30 PM

**Ingrid Karlsdóttir** violin and **Bjarni Frímánn Bjarnason** piano.

*Disco* by Louis Andriessen, *Sonata for violin and piano* op. 134 by Dmitri Shostakovich and *Peace Piece* by Bill Evans, arranged for violin and piano by Hjörtur Ingvi Jóhannsson.



TUESDAY JULY 15TH AT 8:30 PM

**Margrét Hrafnisdóttir** soprano and **Hrönn Práinsdóttir** piano.

*“Liebe, Kreuz und Quer”*. Relationships between composers and poets. Works of Gustav Mahler, Alma Mahler, Franz Liszt and Richard Wagner.



TUESDAY JULY 22ND AT 8:30 PM

**Lilja Guðmundsdóttir** soprano, **Sigurjón Bergþór Daðason** clarinet and **Carl Phillippe Gionet** piano.

*German Romanticism*. Compositions by Franz Schubert, Robert Schumann, Hugo Wolf and Louis Spohr.

TUESDAY JULY 29TH AT 8:30 PM

**Siggi Strings**. **Una Sveinbjarnardóttir** violin, **Helga Þóra Björgvinsdóttir** violin, **Þórunn Ósk Marinósdóttir** viola and **Sigurður Bjarki Gunnarsson** cello.

*String Quartet* no. 1 op. 50 by Sergei Prokofiev and *String Quartet* no. 8 op. 110 by Dmitri Shostakovich.

# Sumartónleikar

**Edda Erlendsdóttir** píanóleikari hefur um langt árabil verið í fremstu röð íslenskra hljóðfæraleikara. Hún hefur haldið tónleika og tekið þátt í tónlistarhátíðum í flestum löndum Evrópu, í Bandaríkjunum og Kína. Hérlendis kemur hún reglulega fram með Kammermúsíkkúbbnum, í Tíbrá – tónleikaröð Salarins í Kópavogi, Listahátíð í Reykjavík og sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún var stofnandi kammertónlistarhátíðar á Kirkjubæjarklaustri og listrænn stjórnandi hennar í 15 ár. Efnisskrár hennar hafa vakið athygli fyrir frumleika, á þeim má finna tónverk, allt frá fyrstu verkum sem samin voru fyrir nútíma píanó til verka dagsins í dag. Íslensk tónlist hefur verið í öndvegi hjá henni og íslensk tónskáld hafa samið verk fyrir hana. Hún hefur gefið út fjölda geisladiska sem hlotið hafa mikið lof og unnið til verðlauna, meðal annars tvisvar sinnum Íslensku Tónlistarverðlaunin.



Þann 17. júní 2010 var Edda Erlendsdóttir sæmd hinna Íslensku Fálkaorðu fyrir framlag sitt til tónlistar. Hún er búsett í París og starfar sem prófessor í píanóleik við Tónlistarskólann í Versöllum.

**Ingrid Karlsdóttir** er fædd í Reykjavík árið 1984. Hún hóf að leika á fiðlu sjö ára gömul og stundaði nám við Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins, Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands, þaðan sem hún útskrifaðist með B.M. gráðu vorið 2004. Það ár lék hún einleik í fiðlukonsert Sibelíusar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að prófi loknu hélt hún til Bandaríkjanna og stundaði framhaldsnám í tónlist við Oberlin Conservatory í Ohio þaðan sem hún útskrifaðist vorið 2007.

Ingrid hefur komið víða við í íslensku tónlistarlífi, leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput hópnium, Kammersveit Reykjavíkur og Kammersveitinni Ísafold, tekið þátt í upptökum og leikið á tónleikum með hljómsveitunum Múm, Hjaltalín og Amiinu. Árið 2013 ferðaðist hún um heiminn og lék á tónleikum með hljómsveitinni Sigur Rós. Ingrid er stofnmeðlimur tónlistarhópsins Kúbus.

**Bjarni Frímann Bjarnason** er fæddur í Reykjavík árið 1989. Hann hóf að leika á fiðlu fjögurra ára gamall og stundaði nám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur. Hann lauk prófi í lágfiðluleik frá Listaháskóla Íslands vorið 2009. Frá 2011 hefur hann stundað nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Tónlistarháskólann Hanns Eisler í Berlín. Vorið 2012 vann hann fyrstu verðlaun í Hanns Eisler-keppninni í Berlín fyrir frumflutning á píanótilbrigðum eftir Viktor Orra Árnason. Sama ár hlaut hann undirleikaraverðlaunin í ljóðasöngkeppni sem kennd er við Paulu Salomon-Lindberg í sömu borg. Bjarni hefur komið fram víðsvegar um Evrópu, bæði sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann stjórnar strengjasveitinni Skark, sem hefur á undanförunum árum staðið fyrir nýstárlegum flutningi nútímatónlistar.



# Summer Concerts

Born in Reykjavík, **Edda Erlendsdóttir** studied at the Reykjavík College of Music and the Conservatoire National Supérieur de Musique de Paris with Pierre Sancan. She also studied with Marie Françoise Bucquet. In 1990 she became Laureate of the Yehudi Menuhin Foundation in Paris.

Edda has given numerous concerts and participated in festivals in Iceland, France and other European countries as well, and has toured the United States, Russia, Ukraine and China. Her repertoire spans from the first works written for the forte-piano to contemporary works and she has premiered several pieces written for her. Her passion for chamber music led her to found the Chamber Music Festival of Kirkjubæjarklaustur, where she was the artistic director for 15 years.

She plays with many ensembles including Tempo di Tango, and has released numerous CDs, two of which have received the Icelandic Music Award. Besides her career as a soloist and a chamber musician Edda Erlendsdóttir teaches the piano at the National Conservatory of Versailles.



**Ingrid Karlsdóttir** was born in Reykjavík in 1984. She began studying the violin at the age of 7 in the Music School of the Icelandic Suzuki Association, the Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts, from where she graduated with a B.M. degree in 2004. That year she performed the Sibelius Violin Concerto with the Iceland Symphony Orchestra. Upon graduation in Iceland, she continued her

studies in the USA where she attended the Oberlin Conservatory in Ohio, graduating in 2007.

Ingrid is an active participant in the Icelandic music scene, as a member of the Iceland Symphony Orchestra, Caput Ensemble, Reykjavík Chamber Orchestra and Ísafold Chamber Orchestra, and performs also with prominent pop groups such as Múm, Hjaltalín and Amiina. In 2013 she toured around the world with the famous Icelandic group Sigur Rós. Ingrid is a founding member of the Kúbus Ensemble.

**Bjarni Frímenn Bjarnason** was born in Reykjavík 1989. He studied the violin from the age of four with Lilja Hjaltadóttir and Guðný Guðmundsdóttir. He graduated as a violist from the Iceland Academy of the Arts in 2009 and has since 2011 studied orchestral conducting with Fred Buttkewitz at the Hochschule für Musik – Hanns Eisler in Berlin. In spring 2012 he received the first prize at the Hanns Eisler Preis in Berlin for the premiere of Viktor Orri Árnason's Piano Variations. The same year he was awarded the accompanist's prize at the Paula Salomon-Lindberg competition for Lied in the same city. Bjarni has appeared throughout Europe as well as Iceland as both string player and keyboardist. He conducts the Skark String Ensemble, which specializes in new approach to new music.

# Sumartónleikar

**Margrét Hrafnisdóttir** sópransöngkona hóf söngnám hjá Hólmfríði Benediktsdóttur á Akureyri. Árið 1998 lauk hún 8. stigi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, bæði í söng og píanóleik, undir handleiðslu Sieglinde Kahmann og Selmu Guðmundsdóttur. Hún nam hjá Michiko Takanashi, Robert Hiller og Franzisco Araiza við Tónlistarháskólann í Stuttgart og útskrifaðist þaðan bæði með söngkennarapróf og einsöngvara-diplóm. Frá árinu 2004 stundaði hún einnig nám við ljóðadeild skólans hjá Cornelis Witthoefft. Margrét hefur sótt fjölda námskeiða í leiklistar- og ljóðatúlkun m.a. hjá Christoph Pregardien. Hún hlaut styrk hjá Wagnerfélaginu í Stuttgart til að fara til Bayreuth og hélt tónleika á þeirra vegum.

Hún hefur haldið einsöngstónleika í Þýskalandi, Íslandi, Sviss og Ítalíu og tók þátt í frumflutningi óperunnar Die Historie von der schönen Lau eftir Gerhard Konzelmann í Blaubeuren í Þýskalandi 2003. Árið 2007 gaf hún út geisladisk með íslenskum þjóðlögum *Hjartahljóð* í samvinnu við Ólöfu Sigur-sveinsdóttur sellóleikara.

**Hrönn Þráinsdóttir** nam píanóleik hjá Erlu Stefánsdóttur við Tónmenntaskólann í Reykjavík og Jónasi Ingimundarsyni við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún fór til framhaldsnáms við Staatliche Hochschule für Musik í Freiburg og lauk þaðan diplóma kennaraprófi vorið 2004 og tók meðleik við ljóðasöng sem aukafag. Kennarar hennar voru Dr. Tibor Szász og Hans-Peter Müller. Að því loknu nam hún við ljóðasöngdeild Tónlistarháskólans í Stuttgart undir handleiðslu Cornelis Witthoefft og lauk sérhæfðu diplómanámi sumarið 2007.



Hrönn hefur komið fram á tónleikum víða, m.a. í Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu, Grænlandi og á Íslandi, sem einleikari, meðleikari og við flutning kammertónlistar. Hún er meðlimur kammersveitarinnar Ísafold og hefur tekið þátt í ýmsum hátíðum eins og Ung Nordisk Musik, Við Djúpið á Ísafirði, Myrkir músíkdagar og Berjadagar á Ólafsfirði. Hrönn kennir við Söngskólann í Reykjavík og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Margrét Hrafnisdóttir og Hrönn Þráinsdóttir hafa unnið saman síðan 1998. Þær námu báðar við ljóðadeild Tónlistarháskólans í Stuttgart og hafa þær haldið fjölda ljóðatónleika hér heima, í Þýskalandi og á Ítalíu. Efnisskrár þeirra eru metnaðarfullar og oft eru kventónskáld höfð í fyrirrúmi og verk sem heyrast sjaldan.

**Lilja Guðmundsdóttir** ólst upp á Kópaskeri og lærði þar á þverflautu og píanó. Síðar nam hún hjá Sigríði Aðalsteinsdóttur við Tónlistarskólann á Akureyri og útskrifaðist þaðan 2006. Næstu fjögur ár stundaði hún nám við Söngskóla Sigurðar Demetz í Reykjavík, þar sem kennarar hennar voru Jón Þorsteinsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir. Tvívegis hlaut hún styrki frá píanistanum Dalton Baldwin til að sækja námskeið í Frakklandi. Vorið 2010 hlaut hún styrk úr Minningarsjóði Sigurðar Demetz og stundar nú meistaranám í Konservatorium Wien

# Summer Concerts



**Margrét Hrafnisdóttir** studied with Hólmfríður Benediktsdóttir and Sieglinde Kahmann in Iceland. She continued her studies at the University of Music and Performing Arts in Stuttgart, with the professors Michiko Takanashi, Robert Hiller and Franzisco Araiza. She also attended several master classes in lied singing with Christoph Pregardien, Dietrich Fischer-Dieskau and Elly Ameling. During her studies she received a scholarship from the Wagner association in Stuttgart to go to Bayreuth.

Margrét's repertoire reaches from Icelandic folk songs to Bach oratorios and opera works from Wagner and Verdi. She performs various solo concerts each year concentrating on Lied. These concerts have brought her through Germany, Italy, Switzerland, Denmark and Iceland. Along with the ensemble Aurora Borealis she released the CD *Wholehearted* with Icelandic folk songs. A CD will be published this autumn, with new Icelandic music written by Ingibjörg Azima to Jakobína Sigurðardóttir's lyric.

Pianist **Hrönn Práinsdóttir** graduated from the Reykjavík College of Music in 1998 and continued her studies in Germany at the Staatliche Hochschule für Musik in Freiburg where her principal teachers were Prof. Dr. Tibor Szász and Prof. Hans-Peter Müller. She graduated in 2004 with a diploma in music performance, lied-accompaniment and music education. She moved to Stuttgart to study with Professor Cornelis Witthoefft at the University of Music and performing Arts and received her Master's degree from the faculty of lyrics in 2007.

Hrönn has given concerts and accompanied singers in Iceland and abroad. She is a member of the Ísafold Chamber Orchestra in Reykjavík, whose CD received the Icelandic Music Award in 2007. She teaches at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts and the Reykjavík College of Music.

Margrét and Hrönn have worked together since 1998. They studied at the same time at the faculty of lyrics in the University of Music in Stuttgart and have since given numerous recitals in Iceland, Germany and Italy. Their repertoire is ambitious, often focusing on female composers and work that are seldom heard.



**Lilja Guðmundsdóttir** studied the flute and piano in her home town, Kópasker North-Iceland, and later vocals at the Akureyri Music School with Sigríður Aðalsteinsdóttir. In 2006-2010 she studied at the Sigurður Demetz School of Singing in Reykjavík, with Jón Þorsteinsson and Sigrún Hjálmtýsdóttir. Lilja received scholarships from Dalton Baldwin in 2009 and 2010 and has participated in master classes with Barbara Bonney, Roger Vignoles, Lorraine Nubar, Galina Pisarenko and Angelika Kirschlager. Lilja sang the role of *Donna Elvira* from Don Giovanni in Harpa – Reykjavík Concert hall in 2012 and *Sister Osmina* and *Una Novice* in



# Sumartónleikar

Privatuniversität undir leiðsögn Uta Schwabe.

Lilja hefur sungið á mörgum tónleikum í tónleikaröðinni Pearls of Icelandic Song á vegum CCCR. Í Vín hefur hún sungið hlutverk *Nellu* og *Laurettu* í Gianni Schicchi, *Madame Lidoine* í Dialogues des Carmélites og *Fiordilgi* í Così fan tutte. Hér heima söng hún hlutverk *Donnu Elviru* í uppsetningu Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins á Don Giovanni og *Frasquita* í uppfærslu Íslensku Óperunnar á Carmen.

**Sigurjón Bergþór Daðason** hóf tónlistarnám sitt hjá Lárusi Halldóri Grímssyni í Lúðrasveit Vesturbæjar, lærði síðan hjá Kjartani Óskarssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan burtfararprófi árið 2005. Framhaldsmenntun sína sótti hann til Konunglega tónlistarháskólans í Stokkhólmi og Ecole Normale de Music í París. Kennarar hans og leiðbeinendur voru Hermann Stefánsson, Florent Héau og Guy Deplus.

Undanfarin ár hefur Sigurjón leikið með kammerhópnum *Set*, efnt til kammertónleika meðal kennara Tónlistarskólans í Reykjanesbæ, komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, gripið í salon-tónlist og spilað í tónlistarhópnum Caput, auk fjölda annarra stærri og smærri hópa.

**Carl Phillippe Gionet** píanóleikari er með doktorsgráðu í píanóleik frá Université de Montréal þar sem Paul Stewart, hinn kunní píanísti frá Nova Scotia, var aðalkennari hans. Hann hefur fengið tilsögn í meðleik hjá Roger Vignoles, David Lutz, Carolyn Hague og Susan Manoff og sótt námskeið í Académie de Villecroze hjá Dalton Baldwin, Heidelberg Lied Akademie með Thomas Hampson, the Crear Scholars með Malcolm Martineau, Schubert Stichting í Amsterdam og hjá Franz-Schubert-Institut. Auk þess hefur hann spilað á námskeiðum hjá Martin Isepp, Elly Ameling, Rinaldo Alessandrini, Wolfram Rieger, Julius Drake, Rudolf Jansen og Ivry Gitlis. Carl hefur hlotið margar styrki, þar á meðal frá Sylva Gelber Music Foundation, frá Canada Council for the Arts, Foundation des Jeunesses Musicales du Canada, the New Brunswick Arts Council, Université de Moncton og Université de Montréal. Hann hefur komið fram á tónleikum í Norður Ameríku, Evrópu og mið-Austurlöndum.

Að loknu einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík stundaði **Una Sveinbjarnardóttir** nám við Tónlistarháskólann í Köln og Listaháskóla Berlínar – UdK, þaðan sem hún lauk Konzertexamen gráðu. Aðalkennarar hennar voru Mark Reedman, Thomas Brandis og félagar Alban Berg strengjakvartettsins.

Hún hefur leikið fiðlukonserta Shostakovich, nr. 1, og Beethovens með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einnig hefur hún frumflutt á Íslandi fiðlukonserta Philip Glass, Kurt Weill, Atla Heimis Sveinssonar, Páls Ragnars Pálssonar, Högna Egilssonar og Sveins Lúðvíks Björnssonar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún fæst einnig við tónsmíðar og hefur unnið með Jóhanni Jóhannssyni og Bedroom Community.

Una er konsertmeistari Kammersveitar Reykjavíkur og hefur verið gestakonsertmeistari Klassische Philharmonie Bonn,



# Summer Concerts

Sister Angelica by Puccini at the Theater an der Wien. In 2013 she sang *Frasquita* in *Carmen* at the Icelandic Opera. She is currently studying at the Konservatorium Wien Privatuniversität with Uta Schwabe as her main teacher.



**Sigurjón Bergþór Daðason** started his musical studies with Lárus Halldór Grímsson. In 2000 he became a student of Kjartan Óskarsson and graduated from the Reykjavík College of Music in 2005. That same year he continued his studies with Hermann Stefánsson at the Royal College of Music in Stockholm where he also took lessons from Florent Héau.

In 2008-2011 Sigurjón studied with Guy Deplus at the Ecole Normale de Musique de Paris. In recent years Sigurjón has played with the chamber group *Set*, organized faculty concerts at the Music School in Reykjanesbær, performed as a soloist with the Icelandic Youth Orchestra, played salon music, performed with the Caput Ensemble and various other music groups.

Whether as a soloist or an accompanist, the Canadian pianist **Carl Philippe Gionet** is much sought after and works with numerous performers in North America, Europe and the Middle East. He received his training in piano accompaniment with Roger Vignoles, David Lutz, Carolyn Hague and Susan Manoff and has participated in the Académie de Villecroze with Dalton Baldwin, the Heidelberg Lied Akademie with Thomas Hampson, the Crear Scholars with Malcolm Martineau, the Schubert Stichting in Amsterdam and the Franz-Schubert-Institut. He also played in master classes of, among others, Martin Isepp, Elly Ameling, Rinaldo Alessandrini, Wolfram Rieger, Julius Drake, Rudolf Jansen and Ivry Gitlis. Carl is an award recipient of the prestigious Sylva Gelber Music Foundation and of numerous scholarships and grants.



Carl Philippe Gionet received his Doctorate in Piano Performance at the Université de Montréal under the direction of the renowned Nova Scotian pianist Paul Stewart.



Violinist **Una Sveinbjarnardóttir** studied at the Hochschule für Musik und Tanz in Köln and at Udk Berlin, after receiving her B.A. degree in Reykjavík 1995 where her teacher was Mark Reedman. In Köln (Cologne) she also studied chamber music with the renowned Alban Berg String Quartet.

Una has appeared as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra on numerous occasions and premiered several concertos in Iceland. She has performed on albums by Björk, Rammstein, Bonnie Prince Billy, Till Brönner, Ane Brun, Mugison and many others. She is the concertmaster of the Reykjavík Chamber Orchestra and has been guest concertmaster of the Klassische Philharmonie Bonn, Trondheim Symfoniorkester and

# Sumartónleikar

Trondheim Symfoniorkester og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún kennir fiðluleik og kammertónlist við Tónlistarskólann í Reykjavík og Nýja tónlistarskólann.

**Helga Þóra Björgvinsdóttir** fiðluleikari stundaði nám við Tónmenntaskóla Reykjavíkur hjá Gígju Jóhannsdóttur og síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Guðnýju Guðmundsdóttur konsertmeistara. Vorið 2004 útskrifaðist hún frá Listaháskóla Íslands og hóf nám við Listaháskólann í Berlín (UdK) hjá Isabelle Faust og lauk þaðan diplom-prófi 2007. Jafnframt lærði hún kammertónlist hjá Artemis kvartettinum. Árið 2013 lauk hún meistaraprófi frá Konunglega tónlistarháskólanum í Brussel þar sem hún stundaði nám hjá Kati Sebestyen.

Helga Þóra hefur oft leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og með strengjasveitinni Skark. Hún hefur verið meðlimur kammersveitarinnar Ísafoldar frá upphafi, er meðlimur Elektra Ensemble og strokkvartettsins Siggí og leikur reglulega með Kammersveit Reykjavíkur og Ensemble Adapter í Berlín.

**Þórunn Ósk Marinósdóttir** stundaði fiðlunám við Tónlistarskólann á Akureyri hjá Lilju Hjaltadóttur og seinna víólunám við Konunglega tónlistarháskólann í Brussel hjá Ervin Schiffer. Hún starfar sem leiðandi víóluleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir á víólu við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

Þórunn hefur komið reglulega fram sem einleikari og hefur útgáfufyrirtækið Smekkleysa meðal annars gefið út hljóðritanir með leik hennar af verkum Hafliða Hallgrímssonar; víólukonsertinn *Herma* með Kammersveit Reykjavíkur og *Dagbókabrot fyrir víólu og píanó* með Steinunni Birnu Ragnarsdóttur.

**Sigurður Bjarki Gunnarsson** hóf sellónám í Tónmenntaskóla Reykjavíkur, og lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1995 undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Hann stundaði nám hjá David Soyer við Manhattan School of Music og lauk bachelors prófi árið 1998. Sigurður lauk meistaraprófi frá Juilliard-tónlistarháskólanum í New York árið 2000 undir handleiðslu Harvey Shapiro.



Sigurður Bjarki hefur komið fram á tónleikum á Íslandi, Bretlandi, Japan, Bandaríkjunum og Kanada, með ýmsum tónlistarhópum í Skandinavíu, Bretlandi og Bandaríkjunum, þar á meðal í Carnegie Hall og Lincoln Center. Sigurður Bjarki hefur starfað með í Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 2002.

**Strokkvartettinn Siggí** varð til á tónlistarhátíðinni Ung Nordisk Musik 2012.

Kvartettinn kom fram í röðinni Klassík í Salnum síðastliðinn vetur, þar sem þau frumfluttu meðal annars strengjakvartett eftir Hauk Tómasson og í tónleikaröðinni Töframáttur tónlistar árið 2014.

# Summer Concerts

the Icelandic Opera. Her second album *Umleikis* will be released this spring.



Violinist **Helga Þóra Björgvinsdóttir** studied the violin in Reykjavík with professor Guðný Guðmundsdóttir. After graduating with Bachelor degree from the Iceland Academy of the Arts in 2004 she moved to Germany to study at the Universität der Künste in Berlin with the violin soloist Isabelle Faust. She graduated in July 2007 with a Diploma of highest grade and continued her studies with prof. Kati Sebestyen at the Royal Conservatory of Brussels from which she received her Master's degree in 2013.

Helga has often appeared as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra and the Icelandic Youth Orchestra. She is an active chamber musician in Iceland as a member of the Ísafold Chamber Orchestra, Reykjavík Chamber Orchestra, Elektra Ensemble and Siggi Strings. She also performs regularly with the Ensemble Adapter in Berlin. She is currently a member of the Iceland Symphony Orchestra.



**Þórunn Ósk Marinósdóttir** began her musical studies on the violin at the Akureyri Music School. Later she went to Brussels to study the viola and received her Master's degree from the Royal Conservatory of Brussels, where Ervin Schiffer was her teacher. She plays with the Iceland Symphony Orchestra as the principal violist and teaches viola at the Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts.

Þórunn performs regularly as a soloist and her recordings of Hafliði Hallgrímsson's compositions; *Herma* – a concerto for viola and string orchestra with Reykjavík Chamber Orchestra and *Notes from a Diary* for viola and piano with Steinunn Birna Ragnarsdóttir, have been released by the Smekkleysa record label.

**Sigurður Bjarki Gunnarsson** graduated from the Reykjavík College of Music in 1995 and continued his cello studies at the Manhattan School of Music in New York City under the instruction of David Soyer from where he received a Bachelor's degree in 1998. Then he enrolled in the graduate program at the Juilliard School of Music in New York and received his Master's degree under the instruction of Harvey Shapiro two years later.

Sigurður has performed in numerous recitals in Iceland, the UK, Japan, the United States and Canada. He has also performed with various chamber ensembles in Scandinavia, the UK and in the US. This includes performances on BBC radio, at Carnegie Hall and Lincoln Center. Sigurður Bjarki has been a member of the Iceland Symphony Orchestra since 2002.

**Siggi Strings** was formed during the Ung Nordisk Musik Festival in the year 2012 and has since appeared in the Classical Concert Series of Salurinn in Kópavogur where they premiered a new string quartet by Haukur Tómasson and in the Magic of Music concert series in 2014.

# SPOR Í SANDI

*yfirlitssýning*

*á verkum Sigurjóns Ólafssonar í Listasafni Íslands  
og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar*

*23.05 – 26.10 2014*

Í Listasafni Íslands er lögð áhersla á að sýna lykilverk frá árunum 1936 til 1982 og í Listasafni Sigurjóns í Laugarnesi eru valin verk frá námsárunum 1928 til 1935. Reynt er að tengja verkin sem Sigurjón vann í Danmörku við hið listræna umhverfi, sem þau eru sprottin úr, með því að sýna einnig nokkur verk eftir danska samtímamenn og vini hans frá fjórða og fimmta áratug síðustu aldar, þau Asger Jorn, Ejler Bille, Erik Thommesen, Robert Jacobsen og Sonju Ferlov Mancoba. Á sýningunni er yngri verkum Sigurjóns fundinn staður innan um eldri verk þannig að flæði myndast á milli tímabila og listsögulegar tengingar og vinnuáferðir listamannsins verða skýrari.

Skömmu fyrir andlát sitt gerði Sigurjón mynd sem hann nefndi Spor í sandinn. Í þessu verki má finna tilvistarlegar dýptir og formrænar nýjungar, en einnig endurtekin stef sem minna á heildarhugsun Sigurjóns – trúnaðinn við efnið – sem einkennir öll verk hans.

Gefin hefur verið út vönduð sýningarskrá m.a. með greininni „List er ekki hátíðleiki, heldur lífið sjálft“, en þar setur Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur verk Sigurjóns í alþjóðlegt samhengi.



*Spor í sandinn / Tracks in Sand, 1982 LSÓ 160*



*Jon Krabbe sendifultrúi/Special envoy, 1934 LSÓ 1029*

## TRACKS IN SAND



*Retrospective*

*Exhibition in the National Gallery of Iceland  
and the Sigurjón Ólafsson Museum at Laugarnes  
23.05–26.10 2014*

In the National Gallery of Iceland, the focus is on displaying works by Sigurjón from the period 1936-1982, while selected pieces from the artist's student years are shown at the Sigurjón Ólafsson Museum. The aim is to place the works Sigurjón made in Denmark in the context of the artistic environment from which they sprang; and for that reason works by some of his Danish contemporaries and friends from the 1930's and 40's – Asger Jorn, Ejler Bille, Erik Thommesen, Robert Jacobsen, and Sonja Ferlov Mancoba – are also on display.

At the end of his life Sigurjón made a work he called Tracks in Sand. In that work, existential depths and formal innovations may be discerned – as well as repeated themes that recall Sigurjón's overarching thinking – Truth to material – that is characteristic of all his art.

In her article for the exhibition catalogue, art historian Æsa Sigurjónsdóttir puts Sigurjón Ólafsson and his work in international context.







**Sculptor Sigurjón Ólafsson** (1908–1982) has been named one of his century's most important portrait sculptors but he also developed a personal abstract style. Trained as a house painter, he entered the Danish Royal Academy of Fine Arts in 1928, from which he graduated in 1935, having supplemented his studies with a year in Rome. As an experimental sculptor he brought both classical schooling and artistic insight to a variety of materials from clay and plaster to wood, metal, stone and concrete. His versatility has inspired younger generations of Icelandic artists. His works are found in museums and private collections in Iceland, Denmark, Sweden, Italy and the United States. As one of the leading artists of Iceland, he was entrusted with numerous challenging commissions, among them a 90 m long relief at the Búrfell Power Station. Public monuments by Ólafsson in Reykjavík include the Throne Pillars at Höfði house, Emblem of Iceland close to the University Cinema and the Pack Horse at Hlemmur Square.

The Sigurjón Ólafsson Museum was founded in 1984 by the artist's widow who had his studio converted to a museum building, opening for public in 1988. In 2012 she donated the museum, including a large collection of Sigurjón Ólafsson's sculptures, to the National Gallery of Iceland. The museum is situated by the seafront on the historical Laugarnes peninsula, a 30 minutes easy walk along the shore from Reykjavík city centre. The cafeteria, with a beautiful view over the ocean, is open during museum hours and after the summer concerts.

## LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

HÝSIR HÖGGMYNDR OG TEIKNINGAR  
EFTIR SIGURJÓN ÓLAFSSON MYNDHÖGGVARA  
ÁSAMT HEIMILDUM UM LISTAMANNINN OG ER MIÐ-  
STÖÐ RANNSÓKNA Á LIST HANS. SAFNIÐ VAR STOFN-  
AÐ AF BIRGITTU SPUR, EKKJU LISTAMANNSINS,  
OG REKIÐ SEM SJÁLFSEIGNARSTOFNUN TIL 2012  
AÐ HÚN AFHENTI ÞAÐ LISTASAFNI ÍSLANDS.  
NÚ ER ÞAÐ REKIÐ SEM DEILD INNAN ÞESS.

**FRÚ LAUGA – BÆNDAMARKAÐUR**

LAUGALÆK 6 OG ÓÐINGGÖTU 1

**LANDSLÖG**

BORGARTÚNI 26


*styrkja Sumartónleika LSÓ*



# SIGURJÓN ÓLAFSSON MUSEUM

LAUGARNESTANGI 70,  
IS-105 REYKJAVÍK, ICELAND  
TEL: (+354) 553-2906  
WWW.LSO.IS  
LSO@LSO.IS

## HOW TO GET THERE



+64 9' 11.16", -21 53' 14.28"

### JUNE - AUGUST

Open daily: 14-17 except Mondays

### SEPTEMBER - MAY

Open Saturdays and Sundays: 14-17

Closed in December and January

### JÚNÍ - ÁGÚST

Opið daglega nema mánudaga 14-17

### SEPTEMBER - MAÍ

Opið laugardaga og sunnudaga 14-17

Lokað í desember og janúar